

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ingólfssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. október 1982.

Nr. 152/1982. **Örn Forberg**
 gegn
sveitarsjóði Eyrarsveitar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1982, sem barst Hæstarétti 27. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dómtaka málið, eins og það lá fyrir á dómþingi 18. júní 1982.

Varnaraðili hefur engar kröfur gert, og frá honum hefur ekki borist greinargerð samkvæmt 28. gr. laga nr. 75/1973. Hefur þó héraðsdómarinn, Jón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, tilkynnt honum um kæruna.

Sérstakar athugasemdir héraðsdómara samkvæmt 27. gr. framangreindra laga hafa eigi borist.

Dómsmál það, sem hér er um að tefla, höfðaði sóknaraðili með stefnu, birtri 4. febrúar 1982, á hendur varnaraðilja til greiðslu skuldar að fjárhæð 3.474.92 krónur auk vaxta. Er skuldin sögð að nokkru vegna oftekinnar húsaleigu eftir skólastjórabústað á tímabilinu 1. janúar — 31. júlí 1981, en að öðru leyti vera vangoldin þóknun til eigin-

konu sóknaraðilja fyrir nánar tiltekin störf veturinn 1978—1979.

Málið var þingfest á aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 12. febrúar 1982. Lagði sóknaraðili þá fram greinargerð sína samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 31. gr. laga nr. 28/1981, svo og önnur sóknargögn. Fékk stefndi því næst frest til 26. febrúar til að rita greinargerð sína. Síðan fékk hann fjórum sinnum framhaldsfrest í sama skyni, hinn síðasta til 18. júní sl. Í þinghaldi þann dag beiddist varnaraðili enn framhaldsfrests til ritunar greinargerðar og nú til 28. júní. Umboðsmaður sóknaraðilja andmælti þeirri frestbeiðni, enda hefði varnaraðili þegar fengið nægan frest til ritunar greinargerðar. Tók þá dómari ágreining aðiljanna til úrskurðar.

Úrskurð sinn kvað héraðsdómari fyrst upp í þinghaldi 28. júní að viðstöddum umboðsmönnum beggja aðilja. Úrskurðaði hann, að fresturinn skyldi veittur. Lagði umboðsmaður varnaraðilja þá fram greinargerð sína og ásamt henni eitt dómskjal annað. Er síðan skráð í þingbók, að umboðsmenn aðilja hafi fengið sameiginlegan frest til gagnaöflunar til 10. september 1982, kl. 1400.

Kæra máls þessa og dómkröfur sóknaraðilja í kærumáliinu eru ekki samrýmanlegar beiðni hans um frest til gagnaöflunar, þann er framan greinir og héraðsdómari veitti í þinghaldinu 28. júní sl. Ber því að vísa kæru hans sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Héraðsdómari tók ágreining aðilja til úrskurðar 18. júní sl., svo sem sagt var. Úrskurð sinn, sem er án forsendna, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981, kvað hann hins vegar ekki upp fyrr en 28. júní. Hefði þó verið rétt, að hann kvæði úrskurðinn upp þegar í stað, sbr. 1. mgr. nefndrar greinar.

D ó m s o r ð :

Kærumáli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.